



Alþingi
Erindi nr. P 126/1358
komudagur 9.3.2001

Alþingi
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
150 Reykjavík

Reykjavík, 05.03.2001
Tilv.
MP/óea

Efni: Umsögn um frv. til laga um tóbaksvarnir.

Við er til bréfs yðar, dags. 26. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um tóbaksvarnir.

Farið hefur verið yfir frumvarpsdrögin og kemur ekkert þar fram sem beint tengist tóbaksvörnum á sjúkrahúsum. Í því koma fram margar breytingar sem eru almennt til góðs. Tvö atriði valda vonbrigðum. Í fyrsta lagi að ekki eru hertar enn meira reglur um sölustaði tóbaks. Æskilegast væri að takmarka sölustaði tóbaks t.d. við útsölustaði ÁTVR. Eins og bent er á í fylgiskjali með frumvarpinu er líklegt að færri reyki og færri unglingar byrji að reykja ef aðgangur að tóbakssölustöðum er takmarkaður. Í öðru lagi hefði verið æskilegt að auka ríkisframlag til tóbaksvarna enn meira en gert er ráð fyrir. Í stað þess að hækka það í 0.9% eins og fyrirhugað er, væri æskilegt að hækka það enn frekar til að tryggja nægilegt framlag til tóbaksvarna, enda viðurkennt að slíkar varnir skila árangri.

Virðingarfyllt


Magnús Pétursson
forstjóri